

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 8. janúar 2014

Mættir voru:

Erla Rán, Sigríður, Áshildur, Sólveig, Vaka og Fanney.

Fjármál

Áshildur fór yfir stöðu fjármála í foreldrafélaginu. Lang flestir foreldrar eru búnir að greiða félagsgjaldið. Jólasveinarnir á jólaball skólans kostuðu 32.000kr. Hver árgangur á sinn bankareikning og var töluverð umræða um það hver tilgangurinn með því væri. Sennilega vita ekki margir foreldrar af þessum reikningi og því hafa þeir ekki verið notaðir.

Árshátíð

Skipulag á kaffiveitingum þarf að vera betra og foreldrar betur upplýstir bæði hvað varðar veitingarnar og hvert þeirra hlutverk sé í kaffisölunni. Óþarfi að starfsfólk skólans sé á fullu í kaffisölunni. Umræða um kostnað á veitingum. Meðlimum í stjórn foreldrafélagsins finnst að það ætti að vera frítt fyrir leikskólabörn í kaffið.

Almennt voru stjórnarmenn nokkuð ánægðir með árshátíðarsýninguna en enn er sú staða að það koma ekki allir upp á svið, annað hvort til að leika eða í það minnsta hneigja sig fyrir þau störf sem þau hafa unnið í aðdraganda árshátíðar.

Skólabúðir að Reykjum

Umræða um Reykjaferð. Foreldrar eru illa upplýstir um fyrirkomulag og kostnað. Eins er skrítið að skólinn haldi fjáröflunarböllum fyrir Reykjaferðina og foreldrar hafi val um að sinna gæslu. Foreldrar hljóta að þurfa að koma að fjáröflunum.

Skólaráð

Fulltrúar stjórnar í skólaráði fóru yfir stöðu mála í skólaráðinu.

Þórgímur Þráinsson

Þórgímur Þráinsson er væntanlegur norður til að halda fyrirlestra fyrir 10. bekkinga á Akureyri. Foreldrafélögin í skólunum tóku sig saman og keyptu sama fyrirlesturinn af honum fyrir foreldra barna í 10. bekk. Fyrirlesturinn verður í Brekkuskóla 23. janúar kl. 20:00